

Ed. 533. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum fyrir byggingu og starfrækslu æskulýðshallar í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa níu manna nefnd, sem starfar án endurgjalds að athugun á skilyrðum fyrir því að reisa og starfrækja æskulýðshöll í Reykjavík. Í nefnd þessa skal tilnefna fjóra menn eftir ábendingu þingflokka, borgarstjórnari í Reykjavík, fræðslumálastjóra, formenn íþróttasambands Íslands og íþróttaráðsins og íþróttafulltrúa ríkisins. Nefndin velur sér sjálf formann og skilar álitum fyrir væntanlegt haustþing 1943. Ef einhver af framan greindum aðilum vill ekki leggja til fulltrúa eða vera fulltrúi í nefndinni, skipar kennslumálaráðherra menn í þeirra stað, sem úr ganga á þennan hátt.

Greinargerð.

Ýmsir áhugamenn um kennslumál, svo sem Pálmi Hannesson rektor o. fl., hafa á undan gengnum missirum fundið sárt til þess, að mikið af æskulýð höfuðstaðarins vantaði tilfínanlega aðgang að viðunandi húsnæði. Miðstjórn Framsóknarflokksins hefur haft málið til meðferðar, og að síðustu hefur fulltrúaráð flokksins hér í Reykjavík minnt á, að nauðsyn bæri til að hreyfa málinu á Alþingi.

Framkvæmd þessa máls er vandasöm, og verður varla vel ráðið fram úr málinu nema með athugun og velvild margra manna. Þeir, sem beitast fyrir, að reist yrði hér í bænum æskulýðshöll, ætla, að þar gæti farið fram margþætt uppeldis- og menningarstarfsemi. Í slíku húsi þyrftu að vera misstórir samkomusalir, kvikmyndasalur, sem jafnframt mætti nota til fyrirlestra, enn fremur íþróttasalir, vinnustofur fyrir unga menn og ungar stúlkur og að lokum veitingasalir, þar sem gætt væri hófsemi og einfaldleika.

Ef byggja ætti í höfuðstaðnum stórhýsi í þessu skyni, mundu ýmis félög í bænum, bæjarfélagið sjálft og ríkið verða að leggja fram stofnféð og hafa hönd í bagga með rekstrinum. Tillagan um skipun undirbúningsnefndar er byggð á því, að hér verði að koma til viðtækt samstarf allra flokka og allra stétta. Íþróttafélögin í bænum mundu njóta mikils góðs af slíkri stofnun. Þess vegna er gert ráð fyrir, að þeir valdir leiðtogar íþróttamálanna eigi sæti í nefndinni. Fræðslumálastjóri og borgarstjóri eru sjálfsgæðir fulltrúar í þessari nefnd. Gera má ráð fyrir, að ekki yrði byggð æskulýðshöll nema með verulegu framlagi ríkissjóðs. Þess vegna verða þingflokkarnir að taka frá byrjun þátt í undirbúningi og rannsókn málsins.

Ég hygg, að telja megi í tugatali þau íþrótt- og æskumannafélög í Reykjavík, sem kalla má, að séu í stöðugum vandræðum með húsnæði fyrir fundi og samkomur. Mörg af þessum félögum, t. d. skiðafélögin og ferðafélagið, hafa sýnt í verki stórmikinn áhuga og haft forustu um mikilvæga þætti í uppeldismálum bæjarins. Þessum félögum væri stórmikill ávinningur að fá, auk húsakynna sinna uppi í fjöllum, aðgang að fjölbreyttu og hentugu húsnæði í bænum fyrir nauðsynlegar samkomur.

Þá má sízt gleyma því, að með kvikmyndum er hægt að vekja og fræða unglinga miklu meira en gert er. Mundu hin ýmsu íþróttafélög notfæra sér kvikmyndir miklu meira en nú er gert til eflingar íþróttalífinu, ef völ væri á hentugum kvikmyndasali í sambandi við fundahöld.

Enn er ótalinn sá þáttur, sem sízt má gleyma, og það eru vinnustofur fyrir ungar stúlkur og unglingspíla. Meðan leikhúsið var að mestu tóm, fengu ungir píltar í sviffflugfélaginu leyfi til að vinna þar að smíðum sínum. Komu þeir þangað í tugatali og fullnægðu smíðahörf sinni og gerðu þar ótrúlega fallega og vandaða hluti. Sama er að segja um ungar stúlkur, að þær hafa að öllum jafnaði mikinn áhuga fyrir margháttuðu námi, sumpart beinlínis til undirbúnings fyrir heimilisstörf, sumpart til að fullnægja listaprá sinni.

Æskulýðshöll í Reykjavík gæti orðið stórfelld uppeldis- og menningarstöð fyrir bæinn. Hún yrði að opna hlið sín frjálsmannlega og þó setja strangar reglur og fylgja þeim. Þar ætti ekki að hafa um hönd tóbak né áfenga drykki. Þar yrði að vera strangur agi og fjölbreytt verkefni. Þangað ættu ekki aðrir menn erindi en þeir, sem vildu vinna og vildu gleðjast án stuðnings frá eiturlyfjum. Þeir, sem þá leið vilja fara, hafa mörg úrræði sér til framdráttar. En æskulýðshöll fyrir unga fólkið í Reykjavík á að hafa það hlutverk að kenna tilvonandi borgurum að gegna erfiðum skyldum höfuðstaðarbúa á Íslandi.

Fylgiskjal.

Æskulýð Reykjavíkur skortir ýmis skilyrði til andlegs og líkamlegs þroska. Meðal þeirra er samkomuhús, æskulýðshöll, byggð í fullu samræmi við þarfir æskulýðsins, til hollra en nauðsynlegra skemmtana og til margs konar annarra afnota í menningarlegu tilliti. Æskulýður bæjarins hefur engan samastað, er fullnægt geti skemmtana og samkomuhörf hans á þann hátt, sem honum er hollast og hann sjálfur mundi kjósa. Ungu fólkið neyðist því til að fullnægja þessari þörf sinni eftir varhugaverðum leiðum og jafnvel gegn vilja sínum og betri vitund.

Þar sem um $\frac{1}{3}$ hluti landsmanna býr í Reykjavík og fjöldi ungra manna og kvenna hvaðanæva af landinu dvelur þar langdvölum, er ljóst, að þörfin fyrir að-

laðandi samastað æskulýðnum til handa er aðkallandi. Málið er því ekki aðeins mál Reykjavíkur, heldur mál þjóðarinnar, en fyrst og fremst mál hinnar vaxandi kynslóðar. Sýnist því hyggilegast, að rikissjóður, Reykjavíkurbær og æskulýðsfélög bæjarins sameinist um lausn þessa máls nú þegar.

Virðingarfyllt.

F. h. fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Reykjavík

Sigurvin Einarsson. Ólafur Jóhannesson.